

Fundur í Betadeild mánudaginn 18.október 2010

Áður en gengið var til dagskrár sýndi Bryndís Björnsdóttir deildarstjóri í Naustaskóla, okkur skólann.

Dagskrá

1. Setning fundar.
2. Orð til umhugsunar.
3. Fundargerð síðasta fundar lesin.
4. Önnur mál.
 - a. Nýjar konur bornar upp.
 - b. Fyrirverandi gjaldkeri gerir grein fyrir ársreikningi.
5. Hapdrætti (Margrét Albertsdóttir fékk síðasta vinning) og kaffi.

Meðan kaffið er drukkið fer fram fræðsla um samtökin og sagðar fréttir af framkvæmdaráðsfundi. Umræður.
6. Fundi slitið

Í kaffinefnd þessa fundar voru Jóhanna Þorsteinsdóttir, Helga Thorlacíus og Ragnheiður Stefánsdóttir.

1. Þorgerður formaður setti fundinn og bar kveðju frá fjarverandi konum. Þá hafði borist bréf frá Sigrúnu Magnúsdóttur þar sem hún segir sig úr samtökunum og skilar kveðju með þakklæti fyrir samveruna.
2. Fundargerð lesin og eftir smá athugasemdir samþykkt.
3. Orð til umhugsunar. Halldóra Haraldsdóttir las ljóð "Nýfædd stúlka" eftir Hrönn Gunnsteinsdóttur. Las texta um réttindi kvenna úti í heimi. Fátækt skapar mismunun, stelpur eiga oft ekkert val um líf sitt. "Menntar þú stúlku, menntar þú samfélag". Umræður meðal fundarkvenna um söfnun Betadeildar undanfarin 6 ár en peningana höfum við sent til hjálpar stúlku. Hafa alþjóðasamtökin hafið samskonar söfnun og við.
4. Önnur mál:
 - a) Nýliðun: Þorgerður minnti á þá reglu samtakanna að ef konur láta ekki vita hvort þær ætli að vera með innan árs þá þarf að bera þær upp aftur. Rætt um fjölda nýrra en við erum eins og er 27 konur í Betadeild. Fundarkonur beðnar um að koma uppástungum um nýliða til Þorgerðar. Kynntar voru nokkrar konur og ákveðið var að kynna fleiri á jólafundi. Gerum ráð fyrir að bera upp nöfn kvenna á jólafundinum
 - b) Fyrirverandi gjaldkeri Jóhanna gerir grein fyrir ársreikningi. Reikningar samþykktir. Jóhanna segir frá framlagi okkar til Unicef sem hefur verið 30-60 þúsund krónur á ári.
 - c) Þorgerður fór yfir markmið samtakanna. Var með þau á á tjaldi fyrir framan okkur og fór yfir þau með smáaðstoð frá eldri félögum. Höfðu konur orð á því hve nauðsynlegt væri að fara yfir markmiðin reglulega.
 - d) Ráðstefna landsamtakanna verður í Reykjaneshæ 6.-7. maí 2011
 - e) Almenn umræða um vorþing, ráðstefnur nefndir, sjóði og styrki. Þorgerður hvetur konur til þátttöku í ofangreindu og kynnir síðan næsta fund sem er jólafundur.
5. Hapdrætti. Margrét Albertsdóttir kom með vinning sem undirrituð fékk.
6. Formaður þakkaði veitingarnar og aðrar með lófataki.
7. Fundi slitið.

Þórunn Bergsdóttir.